

ir það; ekki til þess að þeir yrðu farsælir og vel metnir í Galileu eða Jerúsalem; hann var ekkert um það að hugsa, hvað var kallað vel sæmandi og naut virðingar þar. Tóllheimtumenn og bersyndugir voru betri en þeir, sem nutu mestrar virðingar syrr óútásetjanlega breytni, ef þeir að eins höfðu kannast við syndir sínar og snúið baki við sínu fyrra lífi, ef hinum mikli kærleikur og hin djúpa auðmýkt guðs barnanna voru búin að festa rætur í sálum þeirra.

Afstaða Jesú gagnvart stofnunum mannsjelagsins byggist á þessari skráðun hans á guðsríki framtíðarinnar. Hann er þeim ekki mótfallinn, nema að svo miklu leyti sem þær voru því til fyrirstöðu að menn gætu komist í hið rjetta ástand, sem þursti til að geta orðið hluttakandi í guðsríkinu. Alt sem batt mennina við gædi þessa lífs var því til fyrirstöðu. Auður og metorð voru það sem menn áttu erfiðast með að losa sig við. En við það urðu menn að losa sig ádur en þeir gætu gengið inn í guðsríkið, því það tilheyrdi þessu lífi, og þeir sem sóttust eftir því, gátu ekki líka sózt eftir því sem var nauðsynlegt fyrir lífð í guðsríkl; þeir voru ekki undir það búnir. Jesús kendi mönnum, að þeir ættu að losa sig við auð, gefa hann þeim sem engan auð áttu, og hugsa ekkert um metorð eða upphefð. Hann jafnvel kendi, að menn ættu að yfirgefa síður og náður, slíta sundur hin sterkstu bönd frændsemit. En alt vegna þess að hann var þess fullviss, að það gjörði þá hæfari fyrir hið nýja lífi, sem þeir áttu að ganga inn í, en þeir væru ella. Menn spurðu hann að, hvort þeim væri leyfilegt að gjöra þetta eða hitt, t. d. að skilja við konur sfnat og ganga til bords með óþvegnum höndum. Hann vefsadi þeim á Ákvæði lögmaðsins, en sagði samt, að venjur og forn lagaboð væru einskis verð, ef þau kæmu í bága við hið rjetta hugarsar, sem var skilyrðið fyrir hinu nýja og betra lífi.

Guðsríkið var alt í augum Jesú og hitt alt, sem menn sóttust eftir, sem þeir skoðuðu leyfilegt eða óleyfilegt, var ekkert í samanburði við það. Lífið og breytnin áttu að líta að því, að gjúna meðan hæfa fyrir það. Til þess miðaði kærleikurinn, auðmýktin, rjettlætið, sjálfsafneitunin, sem átti að ganga svo langt, að snfða höndina af, ef hán tældi til syndar — allar dygðirnar, sem hann